

## Starfsemi Siðfræðistofnunar árið 2010

### *Stjórn og starfslið*

Stjórn Siðfræðistofnunar var óbreytt frá fyrra ári en í henni eiga sæti: Vilhjálmur Árnason, prófessor, tilnefndur af námsbraut í heimspeki, formaður stjórnar, Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent, tilnefnd af guðfræðideild, Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, tilnefnd af kirkjuráði þjóðkirkjunnar, Ástríður Stefánsdóttir, dósent, tilnefnd af Kennaraháskóla Íslands og Haraldur Briem, dósent við læknadeild, skipaður af Háskólaráði án tilnefningar. Forstöðumaður í fullu starfi er Salvör Nordal. Bankahrúnið setti talsverðan svip á starf Siðfræðistofnunar á árinu, þar sem rannsóknarnefnd Alþingis skilaði skýrslu sinni í apríl en stjórnarformaður og forstöðumaður stofnunarinnar voru skipuð af Alþingi í vinnuhóp um starfshætti og siðferði og skrifaði eitt bindi skýrslunnar. Í framhaldi af útkomu hennar fylgdu fjölmargir fyrirlestrar, fundir og námskeið þar sem niðurstöður skýrslunnar voru kynntar.

### *Rannsóknir*

Siðfræðistofnun er aðili að norrænu samstarfsneti háskóla á Norðurlöndum um heimspeki læknisfræðinnar og heilbrigðis- og lífsiðfræði undir stjórn Linköping háskóla: Nordic Network for Philosophy of Medicine and Medical Ethics (NNPMME). Á vegum netsins var haldinn fundur í Kaupmannahöfn í júní og Siðfræðistofnun skipulagði námskeið fyrir framhaldsnema í Skálholti 19. – 21. september um rannsóknir í lífvísindum.

Stjórnarformaður situr í stjórn Nordisk bioetisk komité og var formaður nefndarinnar 2007. Hann sótti fjölmarga fundi og málþing á hennar vegum á árinu. Vilhjálmur situr einnig í stjórn European Society for Philosophy of Medicine and Health Care og sótti ársþing félagsins í Zagreb. Vilhjálmur situr í ritnefndum tímaritanna *Medicine, Health Care and Philosophy*. A European Journal. Kluwer Academic Publishers frá 2000, *Genomics and Society*. Online journal frá 2005 og *Etikk i Praksis*. Nordisk tidskrift frá 2007.

### Önnur rannsóknarverkefni:

Verkefnið *Gildismat og velferð barna í neytlusamfélagi nútímans* lauk formlega starfi sínu með útkomu bókarinnar *Velferð barn., gildismat og ábyrgð samfélags* í ritröðinni siðfræði og samtími og kom út hjá Háskólaútgáfunni. Bókin inniheldur 12 greinar á sviði félagsráðgjafar, guðfræði, heimspeki, næringarfræði, sálfræði og uppeldisfræði um siðferðileg álitamál tengd börnum og skilyrði þess að þeim geti farnast vel. Inngangsorð ritar Vigdís Finnbogadóttir.

### *Þjónusta*

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur á árinu og veitti fagfélögum, fyrirtækjum og stofnunum ýmis konar ráðgjöf. Siðfræðistofnun kemur að skipulagningu meistaranáms í hagnýtri siðfræði við Sagnfræði- og heimspekideild og kennir forstöðumaður námskeið við deildina á því sviði. Þá hefur Siðfræðistofnun skipulagt námskeið og komið að kennslu í einstökum námskeiðum hjá Endurmenntun HÍ.

### *Fyrirlestrar og málþing*

Siðfræðistofnun skipulagði í samvinnu við Ohio State University ráðstefnu að frumkvæði Sigrúnar Svavarsdóttur undir heitinu *Value and Valuing* 21.-24. júní. Ráðstefnan var lokuð og hana sóttu valinkunnur hópur erlendra heimspekinga þau: Michael Bratman, (Stanford

University), John Broome, (University of Oxford), Ruth Chang, (Rutgers University), Justin D'Arms, (Ohio State University), Harry Frankfurt, (Princeton University), Allan Gibbard, (University of Michigan, Ann Arbor), Pamela Hieronymi, (UCLA), Victoria McGeer, (Princeton University), Douglas MacLean, (UNC, Chapel Hill), Philip Pettit, (Princeton University), Peter Railton, (University of Michigan, Ann Arbor), Samuel Scheffler, (New York University), Tim Scanlon, (Harvard University), Seana Shiffrin, (UCLA), Michael Smith, (Princeton University), Susan Wolf, (UNC Chapel Hill) og Sigrún Svavarsdóttir (Ohio State University) auk íslenskra heimspekina og nemenda.